



**Fundur í Skólaráði Víkurskóla 22. febrúar 2024 klukkan 14:30**

**Fundarstaður: Víkurskóli**

**Mættir eru:**

Berglind J. Másdóttir stuðningsfulltrúi, Olof Jóhann Ísólfur Karlsson fulltrúi nemenda, Íris Anna Orradóttir fulltrúi nemenda, Helga Halldórsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags, Sif Hauksdóttir, fulltrúi kennara, Þuríður Vatýrsdóttir, fulltrúi kennara og Elín Einarsdóttir, skólastjóri sem stjórnaði fundi. Bergný og Sveinn fulltrúar foreldra boðuðu forföll. Harpa Elín, fulltrúi foreldrafélagsins er gestur fundarins.

**Dagskrá;**

### **1. Niðurstöður skólaþings nemenda sem var haldið lok nóvember 2023**

Þingið var unnið með þjóðfundaskipulagi. Fulltrúar nemendaráðs í skólaráði kynntu niðurstöður skólaþings ásamt Elínu skólastjóra.

Þættir sem unnið var með:

### **SAMSKIPTI**

1. Hvernig finnst þér/ykkur samskipti milli nemenda og starfsmanna í Víkurskóla?
2. Hvernig getur þú/þið bætt samskipti við skólafélagana og eða starfsfólk
3. Hvað getur þú/þið gert, t.d. varðandi mögulegt einelti, ofbeldi, klögumál

### **NÁMIÐ**

1. Hvað er gott við námið í Víkurskóla
2. Hvernig gengur þér/ykkur við námið
3. Hvernig líður mér/ykkur besta að læra?
4. Hverju mætti breyta við námið til að þú/þið náðið betri árangri?
5. Hvernig nýtist þér tæki og tól í náminu? ( t.d. tölvur, ipad)
6. Valgreinar

## **SKÓLAUMHVERFIÐ**

1. Hvernig finnst þér/ykkur best að hafa uppröðun í skólastofunni
2. Hvernig umhverfi líður þér/ykkur best í í frímínútum
  - a) Innandyra
  - b) Utandyra

## **TÓMSTUNDIR - FÉLAGSSTARF**

1. Hvernig á félagslíf/tómstundastarf að vera í Víkurskóla

## **MATUR og MORGUNHRESSING**

1. Ert þú sátt/sáttur við þær breytingar sem gerðar hafa verið varðandi morgunhressingu og hádegismat eftir síðasta skólaþing?
  - a) hádegisverður
  - b) morgunverður

## **SAMFÉLAGIÐ OKKAR**

1. Hvernig getum við lært meira af samfélaginu sem við búum í?
2. Hvernig getur þú/þið haft áhrif á samfélagið
3. Hvernig geta nemendur Víkurskóla látið gott af sér leiða fyrir samfélagið

Nemendur voru áhugasamir og duglegir að tjá sig. Margt mjög athyglisvert sem kom út úr þinginu. Niðurstöðurnar verða nýttar í að gera góðan skóla enn betri.

## **2. Húsnæði og fyrirhugaðar breytingar á skólahúsnæði**

- Nú er fyrirséð að nýr leikskóli er að koma á næstu vikum. KPMG var fenginn til að vera með úttekt á núverandi skólahúsnæðinu og koma með tillögur hvað hægt verði að gera. Niðurstöður væntanlegar frá KPMG á næstu dögum.
- 

## **3. Kynning á Erasmus+ verkefni Víkurskóla fyrir árin 2023 - 2027**

Viktoría kynnti Erasmus verkefnið sem er alþjóðlegt Samstarfsverkefni skóla. Verkefnið veitir skólum tækifæri til að öðlast reynslu af alþjóðlegu samstarfi og að efla hæfni sína með því m.a. að vinna með öðrum skólum eða samstarfsaðilum í Evrópu, skiptast á reynslu og góðum vinnubrögðum í kennslu og að vinna að innleiðingu eða þróun nýjunga í skólastarfi. Allir nemendur á unglíngastigi auk kennarar taka þátt í verkefninu.

- Áhersla þessarra ára er:
  1. Miðlalæsi og upplýsingatækni, sjálfbærni og umhverfismennt, enskukunátta og fjölbreyttni í kennsluháttum, skapandi skrif, leiðsagnarmat auk þess að efla heilsueflingu og vellíðan.

#### **4. Skóladagatal 2024-2025**

Elín kynnti drög að skóladagatali næsta skólaárs. Eftir yfirferð og góðar umræður var skóladagatalið staðfest.

#### **5. Önnur mál**

##### **Víkurskóli fékk menntaverðlaun Suðurlands 2024**

- Víkurskóli og Katla jarðvangur hlutu verðlaunin fyrir samstarfsverkefni í strandlínurannsóknunum. – Til hamingju Víkurskóli ☺
- Víkurskóli sótti um í Sprotasjóð en sjóðurinn styrkir verkefni sem stuðla að þróun og nýjungum í skólastarfi í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Víkurskóli sóttum um styrk til teymiskennslu en teymiskennsla er nýjung í skólastarfi Víkurskóla. .

Fleira ekki rætt og fundi slitið klukkan 16:00.

Fundargerð ritaði Sif Hauksdóttir